



Aðalfundur Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu (FASK)

Aðalfundur FASK haldinn fimmtudaginn 12. júní 2025 kl. 17.00

Fundurinn var haldinn í Holti á Mýrum.

Fundargerð ritaði formaður Laufey Guðmundsdóttir:

Fundarstjóri er Haukur Ingi Einarsson.

Mættir voru: Laufey Guðmundsdóttir, Ágúst Elvarsson, Óskar Arason, Reynir Snær Valdimarsson, Haukur Ingi Einarsson, Jóhann Már Valdemarsson, Aðalsteinn Davíðsson, Birgir Þór Júlíusson, Jóhann Meunier, Birna Þrúður Sigurbjörnsdóttir, Sigurlaug Gissurardóttir, Björn Þorbergsson, Steindór Sigurjónsson, Súsanna Rut Magnúsdóttir, Valdís Björg Friðriksdóttir, Gísli Eyland, Angelica Dudea og Guðbrandur Jóhannsson.

Fundargerð send út með tölvupósti til samþykktar :

Formaður setur fund og býður fundarmenn velkomna á 40 ára afmælisfund félagsins, í boði voru dýrindis afmæliskaffveitingar sem keyptar voru frá Kvenfélaginu Einingu á Mýrum. Formaður biður fundinn að samþykkja breytingar á dagskrá fundar þannig að Guðbrandur Jóhannsson fái orðið í upphafi fundar. Fundurinn samþykkir það.

Guðbrandur stiklar á stóru um upphaf, upphafsmenn og feril FASK, segir einnig frá upphafi siglinga á Jökulsárlóni og fleiru sem markað hefur sögu ferðaþjónustu í Austur-Skaftafellssýslu.

Guðbrandur bað félagsmenn um að rísa úr sætum sem virðingarvott við látna félaga sem stóðu að stofnun félagsins.

Að þessu loknu er gengið til hefðbundinnar dagskrár.

Dagskrá fundarins.

1. Skýrsla stjórnar ásamt félagaskrá

Formaður flytur skýrslu stjórnar. Skráðir félagar þann 12.júní 2025 eru 54 fyrirtæki og 8 einstaklingar.

2. Ákvörðun um gjald

Fundur samþykkir tillögu stjórnar um óbreytt félagsgjöld.

3. Ársreikningur

Haukur Ingi fer yfir reikninga félagsins og þeir samþykktir samhljóða.

4. Lögð fram starfsáætlun næsta árs.

Starfsáætlun næsta árs kemur fram í skýrslu stjórnar.

5. Kosning stjórnar og tveggja endurskoðenda

Óskar Arason segir sig úr stjórn, aðrir stjórnarmenn gefa kost á sér áfram.

8 manns gáfu kost á sér til stjórnar og niðurstaða kosninga er sú að ný stjórn er Ágúst Elvarsson, Birna Þrúður Sigurbjörnsdóttir, Reynir Snær Valdimarsson, Tinna Rut Sigurðardóttir, Laufey Guðmundsdóttir formaður. Varamaður í stjórn er Gísli Eyland. Skoðunarmenn sömu og áður.

6. Önnur mál

Almennar umræður um stöðuna varðandi atvinnuleyfi innan þjóðgarðs, fundarmenn eru sammála um að fyrirsjáanleiki sé mikilvægur og að samningar verði til lengri tíma. Það kom fram að eigendur frumkvöðlafyrirtækja hafi einfaldlega gefist upp á skammtímasamningum við Vatnajökulspjóðgarð selt eða hætt rekstri. Fram kom að það hafi borist fregnir af því að starfandi sé nefnd innan ráðuneytisins sem sé að vinna að áætlun um framtíð Jökulsárlóns. Líkt og áður virðist skorta samráð við hlutaðeigendur, og lýsti fundurinn áhyggjum af þeim vinnubrögðum. Áréttað var mikilvægi samráðs og þess að stjórnvöld sýni á spilin til að draga úr óvissu um atvinnustarfsemi innan þjóðgarðsins. Stjórn upplýsir um þá vinnu sem hefur farið fram varðandi samningsgerð og fagráðsvinnu í samstarfi við Vatnajökulspjóðgarð, þetta má sjá í fundargerðum bæði á vef FASK og vef Vatnajökulspjóðgarðs.

Sigurlaug bendir á að í ársreikningi sé vísað í hlutahafa sem er auðvitað rangt á að vera félagsmenn, stjórn mun gera bragabót á þessu.

Tillaga kom frá Gísla að skipaðar yrðu nefndir frá hótél og veitingageiranum, matvælageiranum og afþreyingunni, vel tekið í þá tillögu en jafnframt bent á að það hafi gengið illa að fá fólk til að starfa í þannig nefndum áður fyrr en tilraunarinnar virði að reyna aftur.

Birgir bendir á að það sé mikilvægt að allir komi fram sem ein heild og vinni vel saman að framgangi ferðaþjónustunnar í sýslunni, einnig kom fram að s.l. ár hafi gengið afar vel og mikil samstaða sé innan ferðaþjónustunnar.

Laufey bendir á að ferðamálafélagið hafi að miklu eða langmestu leyti snúist um afþreyinguna á undanförnum misserum og þetta verði að breytast, sinna verði öðrum greinum einnig.

Fundi slitið kl 19:45